

Fundargerð.

Stjórnarfundur nr. 96.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í fjarfundarbúnaði 29. október 2020 kl 17:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn Úlfarsson. Einnig var á fundinum Fannar Viggósson starfsmaður Norðurár bs.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Urðun á riðusmituðum úrgangi
3. Vaktir vegna covid
4. Brennsla á dýraafurðum.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð stjórnar nr. 95 frá 28. september 2020 samþykkt formlega.

2. Urðun á riðusmituðum úrgangi

Umræður urðu um þann vanda sem er við eyðingu á smituðum dýrahraeum vegna riðu. Eftirfarandi bókun var samþykkt: Vegna þeirra riðutilfella sem staðfest hafa verið á upptökusvæði Norðurá bs., áréttar stjórn Norðurár að með öllu er óheimilt að koma með úrgang eða dýrahrae sem grunur er um að sé riðusmitaður eða á uppruna sinn í fjárstofnun þar sem búið er að staðfesta riðu en ekki skera niður. Urðun á slíkum úrgangi er ekki heimil í Stekkjarvík samkvæmt leigusamningi við landeigendur. Stjórnin samþykkir að senda áminningu um þetta til allra þeirra aðila sem sjá um söfnun og flutning á dýrahraejum og dýraafurðum frá sveitarfélögunum.

3. Vaktir vegna Covid

Rætt um þörfina á að setja á tvær aðskildar vaktir við urðun. Ástæðan er að ef upp kæmi Covid smit hjá núverandi starfsmönnum yrði að loka staðnum sem myndi hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir sveitarfélögin á svæðinu. Ákveðið að setja á fót sama fyrirkomulag og notað var í vor þ.e.a.s að vera með tvær ótengdar þriggja manna vaktir þar sem hvor vakthópur vinnur í 5 daga og síðan er allt þrifið og sótthreinsað eins og kostur er áður en næsti vakthópur tekur við. Fannar hefur þegar hafið undirbúning og stefnt er á að nýtt fyrirkomulag byrji í upphafi næstu viku.

4. Brennsla

Magnús gerði grein fyrir samskiptum sínum við Eflu Verkfræðistofu vegna vinnu við hönnun á brennsluofni og búnaði fyrir þá vinnslu. Hjá Eflu er verið að vinna að útfærslu á nokkrum tæknilausnum. Samþykkt að óska einnig eftir að lausnunum fylgi kostnaðaráætlun vegna uppbyggingar og kaupa á búnaði ásamt tölum um áætlaðan rekstarkostnað. Þegar kominn verður niðurstaða verður málið kynnt sveitarfélögunum og þá með hliðsjón af áætluðu magni dýrahæja sem gætu komið frá hverju þeirra samkvæmt ásetningstölum búfjár.

Einar E. Einarsson, ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 17:45

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Sveinn Úlfarsson

Fannar Viggósson